

Stjórnarfundur 3. janúar 2024.

Mættir: Eyþór Gíslason, Rósa Björk Jónsdóttir, Steinunn Árnadóttir, Halldór Sigurkarlsson, Friðrika Ásmundsdóttir, Ólafur Axel Björnsson, Gunnar Halldórsson og Kristín Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Eyþór setti fundinn og stjórnaði honum. Stjórnin stefnir á að fá fulltrúa frá nefndum til að segja frá starfinu sem framundan er og líka ef nefndarmenn vilja koma einhverju á framfæri.

Gestir frá fræðslunefnd, Katrín Einarsdóttir og Iðunn Lilja Svansdóttir komu og sögðu frá því sem framundan er. Fyrirspurn frá nefndinni um hver sér um undirbúning fyrir námskeið. = Reiðhallarnefndin sér um að allt sé klárt í samstarfi við námskeiðshaldara. Jakob Svavar Sigurðsson verður með sýnikennslu á föstudaginn og Sonja Líndal með fyrirlestur um heilsu hrossa í næstu viku. Reiðnámskeið 13.- 14.

Fyrirspurn:

- er ákveðin upphæð á námskeið, hver tekur á sig ef námskeiðið kemur út í mínus. = Félagið þakkar upp ef vantar.
- Allar greiðslur inn á reikning félagsins og síðan greitt það sem þarf. Laun o.fl.

Búið að biðja um mokstur á planinu og panta posa.

Biðja Valdimar, formann húsnefndar, að koma á næsta fund, einnig einhverja úr æskulýðsnefnd.

Reiðhallarnefndin er orðin virk og búið koma henni inn í öll mál þar.

Talað við Óla Þorgeirs með beitarmál, sendir reikningar fyrir haustbeit og umræður um girðingamál

Eyþór og Friðrika hittu Marteinn vegna gjaldkeramála og Þórdísi. Prókúran komin og tilkynningar til LH.

Eyþór fór í að innheimta skuldir, aðallega styrkir sem var búið að lofa en ekki greitt. Gekk vel. Ástæðan aðallega að vantaði að senda út reikninga.

Tilnefningar til íþróttamanns UMSB. Okkar fulltrúi Kristín Eir er í 10 manna úrslitum.

Skipa hóp til að fara yfir útreikninga til kjörs íþróttamanns Borgfirðings. Halldór S og Gunnar taka þetta að sér. Skoða hvernig þetta er gert hjá öðrum félögum og fá aðstoð ef þeir þurfa.

Verkefni nefnda. Uppfæra verkefnalýsingar nefnda. Steinunn, Rósa og Kristín taka að sér að skoða þær og yfirfara.

Samningur við Vesturlandsdeildina var sendur út til stjórnarmanna. Hann yfirfarinn og samþykktur.

Gömul árgjöld frá árinu 2019 og 2020, ásamt loforð um styrk og firmaáheit sem ekki gengur að innheimta. Nokkur árskort í reiðhöllina sem ekki átti að senda út. Upphæð samtals 299.000 kr sem lagt er til að afskrifa. = samþykkt

Steinunn kynnti viðburðardagatal sem hægt er að setja á fésbókarsíðuna.

Rósa og Kristín ætla að skoða heimasíðuna og hvað má lagfæra.

Fyrirspurn um gerðið/tunnuna sem tekin var niður fyrir nokkrum árum. Krummi falaði hana á Hvanneyri til að setja upp þar. Þurfum að sjá hvar hún á að vera staðsett og fyrir hverja og hvaða fyrirkomulag á að vera með notkun á henni.

Flugvallarvegurinn – Reynir ætlar að slétta úr efninu við fyrsta tækifæri.

Á eftir að merkja nokkra platta og bikara sem Gunnar ætlar að fara í sem fyrst.

Það þarf að yfirfara auglýsingar í reiðhöllinni. Eftir að Selás ehf var lagt niður eru auglýsingarnar alfarið hjá hestamannafélaginu en voru áður hjá Selás ehf.

Steinunn spurði um snjómokstur og hálkuvarnir, hver sér um að láta moka – Eyþór hefur beðið um það.

Bjarnhólar, nú þarf að borga fyrir losun á taði þangað. Þarf að finna lausn. Var send fyrirspurn til Borgarbyggðar hvort ekki mætti safna taðinu annars staðar (gryfjan hans Óla Þ) sem gæti nýst öðrum t.d. í garða og skógrækt. Tekið jákvætt í það en vantar fjármagn til að laga veginn. Fara af stað með þetta mál aftur.

Á heimasíðunni er listi yfir þá sem eru með aðgang að höllinni, er í lagi að hafa það þarna þar sem allir sjá? persónuverndarsjónarmið.

Gjald fyrir reiðhöllina: er of dýrt? má skipta greiðslunni

Næsti fundur 31. janúar kl 19.30. Fundi slitið kl 21.20